

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2013 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

#### 1. gr.

Fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skulu vera sem hér segir fyrir árið 2013:

- a. Hámarksfjárhæð skv. 3. mgr. 11. gr. laganna skal nema 610.025 kr. á mánuði.
- b. Greiðsla til foreldris í námi skv. 14. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 171.108 kr. á mánuði.
- c. Grunngræiðsla skv. 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna skal nema 171.108 kr. á mánuði.
- d. Barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 25.175 kr. á mánuði.
- e. Sérstakar barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 7.288 kr. á mánuði vegna tveggja barna og 18.948 kr. á mánuði vegna þriggja barna.
- f. Frítekjumark skv. 2. mgr. 22. gr. laganna skal vera 58.965 kr. á mánuði.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 10. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 4. mgr. 20. gr., 4. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. lög nr. 158/2007, öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1228/2011, um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2012 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingu.

*Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*